

# STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1998

26. október 1998

1993

Nr. 635

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 8/1998 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra  
nr. 6/1998 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1998.**

Frá og með 1. nóvember 1998 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greiddar vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

### 1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

#### a) Almenn gjald:

|        |                    |           |       |           |
|--------|--------------------|-----------|-------|-----------|
| Fyrir: | 1 - 10.000 km      | kr. 36,15 | verði | kr. 36,45 |
|        | 10.001 - 20.000 km | kr. 32,35 | verði | kr. 32,60 |
|        | 20.001 - >         | kr. 28,55 | verði | kr. 28,75 |

#### b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

|            |           |       |           |               |                     |
|------------|-----------|-------|-----------|---------------|---------------------|
| Fjárhæðin: | kr. 5,55  | verði | kr. 5,55  | (sérst. gjald | 1 - 10.000 km)      |
|            | kr. 16,65 | verði | kr. 16,70 | (torfærugjald | 1 - 10.000 km)      |
|            | kr. 4,95  | verði | kr. 5,00  | (sérst. gjald | 10.001 - 20.000 km) |
|            | kr. 14,90 | verði | kr. 14,95 | (torfærugjald | 10.001 - 20.000 km) |
|            | kr. 4,35  | verði | kr. 4,40  | (sérst. gjald | 20.001 - > )        |
|            | kr. 13,15 | verði | kr. 13,20 | (torfærugjald | 20.001 - > )        |

### 2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

|                                                 |                            |
|-------------------------------------------------|----------------------------|
| Gisting og fæði í einn sólarhring:              | kr. 9.300, verði kr. 7.500 |
| Gisting í eina nótt:                            | kr. 5.500, verði kr. 3.800 |
| Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag: | kr. 3.800, verði kr. 3.700 |
| Fæði hvern hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag:  | kr. 1.900, verði kr. 1.850 |

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. nóvember 1998.

*Reykjavík, 26. október 1998.*

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.